

Dansleikhússamkeppni LR og ÍD

# **Dillir dó og Dumma**

eftir

Benóný Ægisson

Tæknihandrit

Borgarleikhúsið 2006

## ***Bakgrunnur verksins***

Þegar Heródes konungur í Gyðingalandi lét myrða öll ung sveinbörn í Betlehem og nágrenni í þeirri von að fyrirkoma barninu, sem vitringarnir höfðu sagt honum að væri hinn nýfæddi konungur Gyðinga, fóru fyrir hersveitum hans tveir rómverskir herforingjar sem hétu Dillir og Dumma. Æ síðan hafa ungbörn hræðst þessa morðingja og því hafa umhyggjusamir foreldrar reynt að telja börnum sínum trú um að fantar þessir væru dauðir. Hendingum eins og *dó dó Dumma* eða *Dillir dó* hefur verið bætt inn í vögguvísur, þulur og barnagælur til að róa börnin og sefa ótta þeirra og þaðan er komið orðið *dillidó*, sem enginn veit lengur hvaða merkingu hefur. En eins og sagan ber með sér þá eru það því miður ekki ný tíðindi að börn séu myrt í hernaðaráttökum og valdabrölti.

*Dillir dó og Dumma* er dansleikhúsverk um börn og stríð; um það hvernig stríð bitna á þeim sem síst skyldi. Þó það sé sjaldnast beinlínis ætlunin þá verða börn oft fórnarlömb stríðsátaka, þau eru drepin og limlest, þau missa fjölskyldu sína og heimili, þau flosna upp og verða flóttamenn eða götubörn, þeim er nauðgað eða þau seld í vændi og þau verða jafnvel beinir þátttakendur í stríði, sem skæruliðar eða hermenn, oft tilneydd. Þessi mynd blasir þó sjaldnast við okkur sem erum áhorfendur í gegnum fjölmiðla heimsins. Okkar sjónarhorn er stjórnamálamannanna, hershöfðingjanna og hermannanna sem eru “okkar” megin og sjá um að matreiða fréttirnar fyrir okkur.

Texti verksins byggist á nokkrum ljóðum um börn og stríð úr ljóðaflokknum *Ljóð um ósigur og leiða*. Það hefst og endar á barnagælum eða vögguvísnum sem heita *Barnagæla frá Kósóvó* og *Dillir dó og Dumma*. Annar texti er unninn upp úr ljóðunum *1001 nótt*, *Davíð og Golíat*, *Yfirlýsing* og *Slysaskot í Palestínu II* (stæling á ljóði Kristjáns frá Djúpalæk).

Slóðin að ljóðaflokknum er: <http://www.orgvel.is/vefstoll/osigur.html>

## **PERSÓNUR OG LEIKENDUR**

STRÍÐSHERRA, GAMALL MAÐUR  
HERSHÖFÐINGI  
HERMENN

Pétur Einarsson  
Halldór Gylfason  
Brad Sykes  
Guðrún Óskarsdóttir  
Hildigunnur Þráinsdóttir  
Lovísa Ósk Gunnarsdóttir  
Orri Huginn Ágústsson  
Hjördís Lilja Örnólfsdóttir  
Birta Benónýsdóttir  
Sóley Anna Benónýsdóttir

1. BARN  
2. BARN  
3. BARN

**Leikmynd:** Á sviðinu hægra megin er stallur STRÍÐSHERRANS. Í miðjunni aftarlega er flygill og staður hljómsveitar. Vinstra megin er skrifborð HERSHÖFÐINGJANS. Fyrir aftan leikmynd er kvikmyndatjald og fellur mynd á það vinstra megin, fyrir framan tjaldið hægra megin er “tissue”, klæði sem hangir niður úr loftinu fyrir loftfimleika.

**Hljóð:** Flygill (Benóný) í kerfi, hljóðnemi fyrir söng við flygil, hljóðnemi fyrir saxófón (Orri Huginn) og hljóðnemi fyrir slagverk (Steingrímur Guðmunds) og þráðlaust samband úr gítar (Halldór Gylfa) í magnara. Leikarar (Orri Huginn, Halldór Gylfa, Hildigunnur Þráins og Pétur Einars) með þráðlausu hljóðnema

STRÍÐSHERRA (Pétur Einars) stendur á stalli í upphafi í spotti. Hann ber þungan takt á trumbu og aðrir trommarar taka undir.

STRÍÐSMENN (Brad, Guðrún, Hildigunnur og Lovísa Ósk) koma inn frá hægri með spjót og dansa taktfast í kringum STRÍÐSHERRANN

HERSHÖÐINGI kemur upp úr gólfinu á skrifborði sínu, spott á hann. Slær nokkra hljóma á gítar

**Kvikmynd:** Á tjaldi birtast myndir (ca 45 sek)

HERSHÖFÐINGI (Halldór Gylfa)

Lítið á

sjónvarpsskjá

vá!

hún er engu lík

þessi æðislega grafík!

STRÍÐSMENNIRNIR breytast í BLAÐAMENN og spjótin í hljóðnema og þeir hlaupa yfir til HERSHÖFÐINGJANS og spyrja hann spurninga

HERSHÖFÐINGI

Hér má greina á gervihnattamyndum

gereyðingu á óvinarins hernaðarlegu syndum

Við æfðum þetta munstur í eyðimerkurstormi

sjá: einna helst þá líkist það gullnum risaormi

BLAÐAMENN breytast í HERMENN sem fara um sviðið leitandi

**Kvikmynd:** Myndbandi lýkur

BÖRNIN (Hjördís Lilja, Birta og Sóley Anna) koma úr felum. Þau reyna að fela sig fyrir HERMÖNNUNUM sem finna þau á endanum. Í seinni hluta söngins króa þeir BÖRNIN af á miðju sviði

ALLIR *syngja*

cm D

Mamma fór á markaðinn

cm D

- maður er í leyni

fm G

Freðna byssu dregur hann

fm G

undan stórum steini

cm D

Margir eru munnarnir

cm D

sem metta þarf og dillidó

gm A gm A

- þau kúra svöng í kjöllurum og korríró

fm G fm G

krakkarnir sem sofa ekki í Kósóvó

cm D

Ekki fá þau sofið fyrir hvellunum

cm D

og skellunum

gm A

krakkarnir og korríró

gm A

krakkarnir og dillidó

fm G fm G

þau kúra niðrí kjöllurum og korríró

cm D cm D

krakkarnir sem sofa ekki í Kósóvó

*HERMENNIRNIR króa BÖRNIN af á miðju sviði en tvö þeirra komast undan og fela sig. Það þriðja (Hjördís Lilja) er lokað inni með stöfunum sem marka einhverskonar fangelsi*

*HERMENNIRNIR fara að skrifborðinu til HERSHÖFÐINGJANS.*

*Stemming eins og á næturklúbbi. HERMENNIRNIR eru í hlutverki uppistandara sem fara upp á borðið til að segja sögur sínar en aðrir eru áhorfendur eða gogo-dansarar í kringum borðið. Eftir 1. og 2. erindi eru danssóló fyrir framan borðið*

HERSHÖFÐINGI (Halldór Gylfa)

Við beindum þúsund stýriflaugum að bagdad

og þúsund stýriflaugum að klettaborg í..

æ ég man aldrei hvað þetta andskotans land heitir

saddam bin laden því ertu ekki þar?

alltaf skulu þeir vera á undan okkur

fulltrúum frelsis og friðar og óhefts markaðsbúskapar

ALLIR

Í þúsund og eina nótt sögðum við sögur bjargast

**STRÍÐSHERRA (Pétur Einars)**

Við tínum þúsund gamlamenni upp úr holum í jörðinni  
við leysum þúsund vegi og vatnsveitur upp í frumeindir sínar  
við gerum þúsund skóla og sjúkrahús óstarfhæf  
því ekkert má stöðva okkur  
í leitinni að illum ásetningi  
við týndum illu heimsveldi  
en sem betur fer endurfundum við krossferðirnar

**ALLIR**

Í þúsund og eina nótt vorum við óþeytandi í beinni

*HERMENNIRNIR mynda skriðdreka og leggja af stað fram á sviðið en beygja síðan til hægri. Hægra megin á sviðinu eru tvö börn í boltaleik*

**HERMAÐUR (Hildigunnur Þráins)**

Við ókum þúsund skriðdrekum inn í fjárhús í betlehem  
í leit að skriðdrekum palestínnumanna  
en þeir voru hvergi sjáanlegir  
faldir lymskulega af alkvaeda  
bakvið börn sem hentu grjóti  
en guði sé lof fyrir það  
að enginn hefur lengur samúð með grjótkösturum

*HERMENNIRNIR skjóta annað barnið*

**ALLIR**

Í þúsund og eina nótt dóu þeir sem áttu það skilið

*Skriðdrekinn hrynur. HERSHÖFÐINGI blæs í flautu. HERMENNIRNIR skipa sér í fylkingu og hlaupa af stað. HERSHÖFÐINGI syngur hverja línu og HERMENNIRNIR endurtaka*

**HERSHÖFÐINGI og HERMENN**

cm D  
Velbúnir og djarfir dátar  
fm G  
drengir fínir - góðir skátar  
cm D  
í stríði mega færa fórn  
fm G  
fyrir sína ríkisstjórn

*HERMENNIRNIR lyfta BARNINU upp og bera það um sviðið*

HERSHÖFÐINGI og HERMENN

cm D  
 Það er hætt á að þetta gerist  
 fm G  
 þegar mikið gengur á  
 cm D  
 En það er þó af og frá  
 fm G  
 að ábyrgðin sé bara okkar

*HERSHÖFÐINGI og HERMENN leggja BARNIÐ frá sér og standa yfir því*

HERSHÖFÐINGI og HERMENN

cm D  
 Fyrirgefðu fyrirgefðu  
 fm G  
 mistök hersins anginn minn  
 cm D cm D  
 Við miðuðum mest á þabba þinn

*HERSHÖFÐINGI og HERMENN standa yfir barninu eins og þeir séu yfirkomnir af sorg nokkra stund*

HERSHÖFÐINGI

Djók.

ALLIR

Djók!

HERMAÐUR

Hélduð þið að við værum að meina þetta?

HERMAÐUR

Náðum ykkur þarna.

HERMAÐUR

Svona hóruungi!

*Osfrv ad lib*

*1. BARN (Hjördís Lilja) sleppur úr prísund sinni og fer fram á sviðið vinstra megin. 2. BARN (Birta) fer upp í "tissue-ið".*

*HERMENNIRNIR sækja hvítan friðarfána og stilla honum upp innan ferhyrningsins sem stafirnir mynda.*

GAMALL MAÐUR (Pétur Einars)

cm Bb gm fm Es D cm  
 Ég flutti inn í hús  
 og ritaði nafn draumsins á dyrnar

Ég sáði illgresi í garðinn  
og samdi svo yfirlýsingu:

"Ég undirrituð/aður  
lýsi hús mitt og garð  
griðland friðar og ástar

### 3. BARN rís upp og hleypur til 1. BARNS og þær dansa saman

cm Bb gm fm Es D cm  
Ekki má flytja um griðlandið hergögn af neinu tagi  
né koma þar fyrir kjarnorkuvopnum eða setuliði

Ég lýsi því hérmeð yfir  
að ég er ekki óvinur neins  
og mun aldrei fara með ófriði  
um hús eða garða annarra manna

cm Bb gm fm Es D cm  
Finni aðrir menn hjá sér hvöt  
til að ráðast á mig  
og leggja hús mitt og garð undir sig  
mun ég ekki verjast þeim  
heldur bíða rólegur átekta  
því fyrr eða síðar fer þeim að leiðast  
og þá fara þeir"

GAMALL MAÐUR og BARN  
Hús mitt er veikt  
og garður minn lágur  
en illgresið blómstrar svo fallega

**Kvikmynd:** Á tjaldi birtast myndir (ca 1:45 mín)

Á meðan á lokasöngnum stendur færa LEIKDANSARARNIR sig hægt fram og í lokin  
standa þeir fremst á sviðsbrúnni

ALLIR  
cm D cm D  
Dó dó Dumma - Dillir dó og Dumma  
fm G  
ekki heyrast högginn þeirrá  
fm G  
hurðina er allt er hljótt  
cm D  
ekki hark er hundrað fætur  
cm D  
hraða sér um miðja nótt  
gm A gm A  
heyrast engar hastar raddir dillidó

fm G fm G  
 ekkert truflar draumsins ró og dó dó dumma  
 cm D cm D  
 ekkert nema krunkið í honum krumma  
 cm D cm D  
 Dillidó og Dillir dó og Dumma

cm D cm D  
 Dó dó Dumma - Dillir dó og Dumma  
 fm G  
 enginn býr til vopn né verjur  
 fm G  
 enginn snertir blóðugt fé  
 cm D  
 um allan heiminn er nú friður  
 cm D  
 ævarandi vopnahlé  
 gm A gm A  
 aldrei kemur aftur stríð og dillidó  
 fm G fm G  
 upp mun renna betri tíð og dó dó dumma  
 cm D cm D  
 sérðu ekki hvítan blett á krumma  
 cm D cm D  
 Dillidó og Dillir dó og Dumma  
 KARLAR  
 cm D cm D  
 sérðu ekki hvítan blett á bakinu á krumma  
 KONUR  
 cm D cm D  
 Dillidó og Dillir dó og Dumma

*HERMAÐUR fer upp á stall STRÍÐSHERRANS og slær sama takt og hann í upphafi*

***Kvikmynd:*** Myndbandi lýkur

KARLAR  
 cm D cm D  
 sérðu ekki hvítan blett á bakinu á krumma  
 KONUR  
 cm D cm D  
 Dillidó og Dillir dó og Dumma

*Hljóðfæraleikur hættir um leið og textinn hefur verið fluttur. LEIKDANSARARNIR snúa sér við og horfa á HERMANNINN með trumbuna. Öll ljós út og spott á HERMANNINN sem fer út þegar hann hættir að slá trumbuna*